SJÓNVARPIÐ

18.00 **Veist þú hver hún Angela er? Fyrsti þáttur.** Angela er lítil stúlka sem býr í Noregi, en foreldrar hennar fluttu þangað frá Chile. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Þulur Halldór N. Lárusson.
18.20 **Freddi og félagar** (Ferdi). Þýsk teiknimynd um maurinn Fredda og félaga hans.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Poppkorn** – endursýndur þáttur frá 22. febr. Umsjón: Stefán Hilmarsson.
19.25 **Smellir.** Endursýndur þáttur frá 25. febr. sl.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Hrakar tungunni?** Umræðuþáttur um íslenska tungu í umsjón Eiðs Guðnasonar. Þátttakendur: Svavar Gestsson menntamálaráðherra, Guðrún Kvaran ritstjóri Orðabókarinnar, Þóra Kristín Jónsdóttir grunnskólakennari og Valdimar Gunnarsson menntaskólakennari.
21.15 **Leyndardómar Sahara** (Secret of the Sahara). – Lokaþáttur. Leikstjóri Alberto Negrin. Aðalhlutverk Michael York, Ben Kingsley, James Farentino og David Soul.
22.05 **Pravda** (Pravda – The New Truth). Bresk heimildamynd um málgagn sovéska kommúnistaflokksins nú eftir að „glasnost" stefnan hefur verið kynnt í Sovétríkjunum. Þýðandi og þulur Gauti Kristmannsson.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**



STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Sjóræningjarnir í Penzance..** Pirates of Penzance. Þetta er söngvamynd sem gerist árið 1885. Mikil fagnaðarlæti hafa brotist út á sjóræningjaskipi þegar áhöfninni bætist liðsauki hins unga nýgræðings Fredricks.
18.20 **Feldur.** Teiknimynd með íslensku tali um heimilislausa en fjöruga hunda og ketti.
18.45 **Ævintýramaður.** Spennandi framhaldsmyndaflokkur í ævintýralegum stíl. Níundi þáttur. Aðalhlutverk: Oliver Tobias, Peter Hambleton og Paul Gittins.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Leiðarinn.** Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
20.45 **Íþróttir á þriðjudegi.** Blandaður íþróttaþáttur með efni úr ýmsum áttum.
21.40 **Hunter.** Vinsæll spennumyndaflokkur.
22.30 **Rumpole gamli.** Rumpole of the Bailey. Breskur myndaflokkur í sex hlutum, 4. þáttur. Lögfræðingurinn Rumpole þykir fádæma góður verjandi. Aðalhlutverk: Leo McKern.
23.20 **Aldrei að víkja.** Never Give an Inch. Skógarhöggsmaður einn er tilbúinn að leggja allt í sölurnar til þess að stofna sjálfstætt fyrirtæki þrátt fyrir sterka andstöðu vinnufélaga sinna. Aðalhlutverk: Paul Newman, Henry Fonda og Lee Remick. Leikstjóri: Paul Newman.
1.05 **Dagskrárlok.**



Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Agnes M. Sigurðardóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Sögur og ævintýri". Höfundurinn, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, les (4) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Í pokahorninu.** Sigríður Pétursdóttir gefur hlustendum holl ráð varðandi heimilishald.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Suðurlandi. Umsjón: Þorlákur Helgason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað eftir miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Sagnahefð. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska", ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar, skráð af Þórbergi Þórðarsyni. Pétur Pétursson byrjar lestur annars bindis.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Haukur Morthens velur. Umsjón: Svanhildur Jakobsdóttir. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Ímynd Jesú í bókmenntum.** Fyrsti þáttur. Úr verkum Dostojevskís. Umsjón: Árni Bergmann. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Að lesa afturábak, hvernig er það hægt? Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Beethoven og Gershwin.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá** – Lík í næsta herbergi. Viðar Víkingsson flytur pistil um hrollvekjur í kvikmyndum. (Einnig útvarpað á föstudagsmorgun kl. 9.30.)
20.00 **Litli barnatíminn** – „Sögur og ævintýri". Höfundurinn, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, les (4). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Kirkjutónlist** – Schubert og Mendelssohn.
21.00 **Kveðja að austan.** Úrval svæðisútvarpsins á Austurlandi í liðinni viku. Umsjón: Haraldur Bjarnason. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Útvarpssagan:** „Þjónn þinn heyrir" eftir Söru Lidman. Hannes Sigfússon les þýðingu sína. (17)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 32. sálm.
22.30 **Leikrit:** „Lögreglufulltrúinn lætur í minni pokann" eftir Georges Courteline. Þýðandi: Ásthildur Egilson. Leikstjóri: Flosi Ólafsson. Leikendur: Gísli Alfreðsson, Baldvin Halldórsson, Inga Bjarnason, Helgi Skúlason, Erlingur Gíslason, Hákon Waage, Guðjón Ingi Sigurðsson og Karl Guðmundsson. (Einnig útvarpað nk. fimmtudag kl. 15.03.)
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska tónlist, að þessu sinni verk eftir Hjálmar H. Ragnarsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki. og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Auður Haralds talar frá Róm. – Hvað gera bændur nú?
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. - Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Fréttanaflinn, Sigurður G. Tómasson með fjölmiðlarýni eftir kl. 17.00. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.**
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Sautjándi þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Réttum megin framúr með Bylgjunni – Þægileg morguntónlist. Kíkt í blöðin og litið til veðurs. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Allt í einum pakka – hádegis- og kvöldtónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. – Potturinn kl. 11. Brávallagatan milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegistónlist eins og hún gerist best. Síminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri músík og minna mas.
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson.** Jón Axel vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og fleira og fleira. Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Þessi ljúfi dagskrárgerðarmaður er mættur aftur til leiks. Helgi spilar að sjálfsögðu nú sem fyrr öll nýjustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum góðum lummum.
14.00 **Gísli Kristjánsson.** Þetta er tíminn fyrir óskalög því Gísli svarar í síma 68-19-00 og rabbar við hlustendur.
18.00 **Bjarni Dagur Jónsson** tekur á ýmsum málum með hlustendum.
19.00 **Róleg tónlist** á meðan hlustendur borða.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson/Sigursteinn Másson** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Síminn sem fyrr 68-19-00.
**Fréttir á stjörnunni** kl. 8.00, yfirlit 8.45, fréttir kl. 10, 12, 14, 16, 18.



Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Kjartan Pálmarsson** með öll bestu lögin, innlend og erlend.
23.00 **Þráinn Brjánsson** fylgir Hljóðbylgjuhlustendum inn í nóttina, þægileg tónlist ræður ríkjum undir lokin.
1.00 **Dagskrárlok.**

ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Rótartónlist**Guðmundur Smári.
13.00 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 9. lestur.
13.30 **Nýi tíminn.** Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
14.00 **Í hreinskilni sagt.** E.
15.00 **KAKÓ.** Tónlistarþáttur.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Kvennalistinn.** Þáttur á vegum þingflokks Kvennalistans.
17.30 **Samtök græningja. Nýr þáttur.**
18.00 **Hanagal.** Umsjón: Félag áhugafólks um franska tungu.
19.00 **OPIÐ.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 9. lestur. E.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.**Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sig. Ívarssonar. E.
02.00 **Næturvakt** til morguns með Baldri Bragasyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **FB.**
18.00 **FG.**
20.00 **MH.**
22.00 **IR.**
01.00 **Dagskrárlok.**

Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Halló Hafnarfjörður.** Halldór Árni með fréttir úr Firðinum, viðtöl og fjölbreytta tónlist.
19.00–23.00 **Útvarpsklúbbur Lækjarskóla.**

Ólund
Akureyri
FM 100,4

19.00 **Gatið.**
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Verkmenntaskólanum.
21.00 **Fregnir.**30 mínutna fréttaþáttur. Bæjarmál á þriðjudegi. Bæjarfulltrúar koma í heimsókn.
21.30 **Sagnfræðiþáttur.** Sagan í víðu samhengi. Ritgerðir og þ.h.
22.00 **Æðri dægurlög.** Diddi og Freyr spila sígildar lummur sem allir elska.
23.00 **Kjöt.** Ási og Pétur sjúga tónlist og spjalla um kjöt og fleira.
24.00 **Dagskrárlok.**




**Þau Helgi Skúlason og Inga Bjarnason fara bæði með hlutverk í leikriti vikunnar um lögreglufulltrúann sem neyðist til að láta í minni pokann.**

## Rás 1 kl. 22.30:

# Lögreglufulltrúinn lætur í minni pokann

Leikrit vikunnar að þessu sinni heitir Lögreglufulltrúinn lætur í minni pokann og er eftir franska rithöfundinn Georges Courteline. Ásthildur Egilsson þýddi verkið en leikstjóri er Flosi Ólafsson.

Leikurinn gerist á lögreglustöð í París skömmu fyrir aldamót. Lögreglufulltrúinn þar hefur nóg að gera við að sinna alls konar fólki sem leitar til hans með kvartanir sínar og kærur. Hann telur þó að það sé hlutverk sitt að sýna vald sitt með því að skjóta öðrum skelk í bringu og er því alls óviðbúinn er hann stendur allt í einu frammi fyrir manni sem tekur valdið í sínar eigin hendur.

Leikendur eru Gísli Alfreðsson, Baldvin Halldórsson, Karl Guðmundsson, Inga Bjarnason, Helgi Skúlason, Erlingur Gíslason, Hákon Waage og Guðjón Ingi Sigurðsson. -Pá

## Stöð 2 kl. 22.30:

# Rumpole gamli

Breskur myndaflokkur í sex hlutum um lögfræðinginn Rumpole hefur notið mikilla vinsælda en Leo McKern fer með hlutverk Rumpoles.

Í þessum þætti flækist Rumpole inn í skilnaðarmál þegar hann er beðinn að verja konu nokkra sem vill fá skilnað frá manni sínum. Mál þetta dregur ýmsan dilk á eftir sér og meðal annars er samband Rumpoles við Hildu, ástkonu hans, í talsverðri hættu er hún telur hann halda við skjólstæðinginn.

Málið tekur á sig óvænta og afar flókna mynd þegar upp kemst hlutverk sonar þeirra í skilnaðarmáli þeirra. En Rumpole kemst til botns í vandanum eins og honum einum er lagið. -Pá

## Rás 1 kl. 13.35:

# Í sálarháska

Ný miðdegissaga hefur göngu sína á rás 1 kl. 13.35. Það er Í sálarháska, annað bindi frægrar ævisögu séra Árna prófasts Þórarinssonar, sem Þórbergur Þórðarson færði í letur. Pétur Pétursson, fyrrum útvarpsþulur, les.

Ævisaga Árna Þórarinssonar var gefin út í sex bindum og er í senn ein lengsta og frægasta ævisaga íslensk. Í fyrra var fyrsta bindi hennar, Fagurt mannlíf, lesið.



**Það er Pétur Pétursson sem les um sálarháska séra Árna Þórarinssonar.**

Þegar frásögnin hefst hér er Árni sautján ára gamall og flytst með móður sinni til Reykjavíkur. Þar hefur hann störf sem þingsveinn og sest síðan á skólabekk, fyrst í Lærða skólanun og síðar í Prestaskólanum og bókinni lýkur síðan þegar hann tekur vígslu til Miklaholtsprestakalls á Snæfellsnesi.

Í þessu bindi kemur við sögu margt þjóðfrægra manna sem voru Árna samtíða í skóla. Nægir að nefna sérlega skemmtilegar lýsingar á stórskáldinu Einari Benediktssyni. Frásagnargáfa Árna var einstök og allir þekkja ritsnilld og nákvæmni Þórbergs. Alls verða 22 lestrar. -Pá